

Nd.

105. Frumvarp til laga

[79. mál]

um ráðstafanir til atvinnuöfnunar.

Flm.: Magnús Jónsson, Einar Ingimundarson, Kjartan J. Jóhannsson,
Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, sem nefnist atvinnuöfnunarsjóður. Er sjóðurinn eign ríkisins. Ríkissjóður afhendir atvinnuöfnunarsjóði sem stofnfé skuldabréf fyrir lán-um þeim, sem veitt hafa verið einstaklingum, félögum og sveitarfélögum af fé því, sem ríkissjóður hefur varið til atvinnuaukningar samkvæmt fjárlögum.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til árlegt framlag, eftir því sem hverju sinni er veitt í fjárlögum, en þó ekki innan við 5 millj. kr., í fyrsta sinn árið 1955.

Ríkissjóður skal enn fremur á árunum 1955 og 1956 leggja fram 5 millj. kr. hvort árið til atvinnuöfnunarsjóðs. Skal þetta fé vera vaxtalaust lán til sjóðsins, en endurgreiðist á 10 árum.

2. gr.

Hlutverk atvinnuöfnunarsjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita lán til atvinnubóta og framleiðsluaukningar á þeim stöðum á landinu, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, en hafa þau framleiðsluskilyrði, að íbúarnir geti haft sæmilega afkomu í meðalárferði.

Nú verða sveitarfélög fyrir sérstökum áföllum vegna aflabrests eða af öðrum sökum, þannig að annaðhvort sé þörf tímabundinnar aðstoðar eða breyta þurfi um atvinnuhætti, og skulu þá þau byggðarlög sitja fyrir um lán úr sjóðnum.

Lán úr sjóðnum má veita bæði sveitarfélögum, einstaklingum og félögum. Lán til hinna síðarnefndu aðila verða þó ekki veitt, nema sveitarstjórn telji viðkomandi framkvæmdir vera til atvinnuaukningar í sveitarfélaginu. Heimilt er sjóðsstjórninni að krefjast ábyrgðar sveitarsjóðs, ef lántaki getur ekki sett viðunandi tryggingu fyrir láninu.

3. gr.

Vextir af lánnum atvinnuöfnunarsjóðs skulu vera 4%, en lánstímann ákveður sjóðsstjórn, og má hann vera mismunandi eftir aðstæðum og greiðslugetu.

Heimilt er sjóðsstjórn að lengja lánstímann frá því, sem upphaflega er ákveðið. Einnig er heimilt að stytta lánstímann, ef afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarsjóðs leyfir það.

Stjórn sjóðsins ákveður, hvaða tryggingar séu viðunandi fyrir lánunum.

Heimilt er stjórn sjóðsins, við sérstakar aðstæður, að veita fé úr sjóðnum sem óafturkræft framlag, ef öll sjóðsstjórnin er sammála því.

4. gr.

Stjórn atvinnuöfnunarsjóðs skal skipuð 4 mönnum. Kýs Alþingi 2 menn til fjögurra ára, en atvinnumálaráðherra og félagsmálaráðherra skipa sinn manninn hvor til sama tíma. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lán úr atvinnuöfnunarsjóði skulu að jafnaði veitt einu sinni á ári, nema einstök mál krefjist skjótrar úrlausnar á öðrum tíma árs.

Sjóðsstjórnin skal, áður en lán eru veitt, kynna sér rækilega atvinnuástand á viðkomandi stöðum og rannsaka, hvaða framkvæmdir séu líklegastar til þess að bæta mest afkomu íbúanna.

Skyll er ríkisstofnunum og embættismönnum að veita stjórn atvinnuöfnunarsjóðs sérfræðilega aðstoð og leiðbeiningar við athugun á atvinnuástandi og mat á gildi framkvæmda.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við opinbera lánsstofnun um afgreiðslu lána og innheimtu.

6. gr.

Nú óska sveitarfélög, hlutafélög eða einstaklingar eftir að kaupa nýja togara og leitað er aðstoðar atvinnuöfnunarsjóðs til þessara framkvæmda, og er þá ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuöfnunarsjóðs, að semja um smíði togara erlendis eða innanlands og selja þá viðkomandi aðilum, enda telji ríkisstjórnin og stjórn sjóðsins kaup togara brýna nauðsyn til þess að tryggja atvinnu og lífvænlega afkomu íbúa viðkomandi byggðarlags. Séu einstaklingar eða hlutafélög einstaklinga kaupendur togara, skal sveitarfélaginu áskilinn forkaupsréttur að skipinu, ef það ætti ella að seljast úr byggðarlaginu.

Ríkisstjórninni er heimil nauðsynleg lántaka í þessu skyni erlendis eða innanlands. Greiðsluskilmálar til kaupenda skulu vera í samræmi við lánskjör stofnlána-deildar sjávarútvegsins, en lánsupphæð og tryggingar ákveður ríkisstjórnin í samráði við stjórn atvinnuöfnunarsjóðs.

Eigi sveitarfélag eða tvö eða fleiri sveitarfélög sameiginlega eða útgerðarfélag kost á að kaupa togara erlendis eða innanlands, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 90% af kaupverði togara eða kaupa togarann og endurselja hann, enda telji stjórn atvinnuöfnunarsjóðs kaup skipsins brýna nauðsyn til atvinnutryggingar.

7. gr.

Nú eru í gildi hömlur á fjárfestingu eða innflutningi framleiðslutækja eða skortur á lánsfé til framkvæmda, og er þá ríkisstjórninni heimilt að mæla svo fyrir, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuöfnunarsjóðs, að vissir staðir, sem við sérstaka atvinnuörðugleika eiga að stríða, skuli sitja fyrir um þessa fyrirgreiðslu, varðandi tiltekna framkvæmdir, sem í senn séu þjóðhagslega skynsamlegar og til mikilvægrar atvinnutryggingar.

8. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi atvinnuöfnunarsjóðs skulu sett með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinna í landinu er nú mjög mikil og skortur á vinnuafli á Suðvesturlandi í ýmsum atvinnugreinum og einnig víða í sveitum landsins. Hins vegar er það svo, að vegna aflabrests og af ýmsum öðrum ástæðum eru erfiðleikar með að halda uppi fullri atvinnu í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum, einkum norðanlands og vestan. Síldveiði fyrir Norðurlandi hefur enn brugðizt algerlega, en afkoma fólks við sjávarsíðuna þar hefur jafnan verið mjög tengd síldveiðunum. Önnur fiskveiði hefur einnig verið mjög stopul, þótt sú von sé bundin við stækkun landhelginnar, að aflabrogð aukist verulega og verði jafnari, en ekki aðeins stuttan tíma árs, eins og verið hefur til þessa. Fyrir Vestfjörðum hefur landhelgin lítið stækkað, en ágengni togara á bátamið þar farið mjög vaxandi. Eru því erfiðleikar bátaútvegsins á þeim slóðum mjög miklir.

Því ber vissulega að fagna, hversu blómlegt atvinnulíf hefur verið að undanförmu á Suðvesturlandi, þar sem meiri hluti þjóðarinnar býr. En hinir miklu möguleikar til atvinnu- og tekjuöflunar á þessum hluta landsins geta þó haft alvarlegar afleiðingar fyrir jafnvægi í byggð landsins, ef fólk á við miklum mun lakari afkomu að búa annars staðar á landinu. Vitanlega getur atvinnuþróunin verið þess

eðlis, að ekki sé óeðlileg nokkur tilfærsla á fólki, en þó því aðeins, að sú atvinnubrúun sé eðlileg og varanleg. Geta of miklir flutningar fólks milli héraða haft hinar alvarlegustu afleiðingar, ekki sízt fyrir þau byggðarlög, sem fólkið flytur til, ef þar þrengir aftur að um atvinnu. Það er því engum efa bundið, að fyrir afkomu þjóðarheildarinnar er það farsælast, að reynt sé eftir föngum að jafna atvinnuna og vinna þannig gegn flutningi fólks af þeim stöðum á landinu, sem veitt geta fólki sómasamlega lífsafkomu, ef það fær nauðsynleg skilyrði til framleiðslu og lífsbjargar.

Með þessu frumvarpi er að því stefnt að marka með löggjöf ákveðna stefnu í þá átt, að íbúar hinna ýmsu kauptúna og kaupstaða víðs vegar um land geti aflað sér lífsframfæris heima fyrir, en þurfi ekki að flytjast til annarra staða á landinu til atvinnuleitar að staðaldri. Tímabundin atvinnuleit til annarra staða getur hins vegar verið eðlileg og nauðsynleg vegna atvinnuhátta í þjóðfélaginu, sbr. sumarsíldveiði fyrir Norðurlandi og vetrarvertíð á Suðurlandi. En þegar menn þurfa mestan hluta árs að leita sér atvinnu utan heimilissveitar, hlýtur að því að koma, að mienn flytjist á brott þaðan. Flutningsmenn þessa frumvarps halda því ekki fram, að þeir hafi fundið neitt allsherjarbjargráð til lausnar á atvinnuörðugleikum, og margvíslegar ráðstafanir hafa þegar verið gerðar til þess að styrkja jafnvægi í byggð landsins og bæta úr atvinnuörðugleikum fólks í ýmsum kauptúnum og kaupstöðum. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í raforkumálum er stórfellt átak í þá átt að veita sömu lífspægindi því fólki, sem í strjálbýli býr, og í þéttbýlinu. Síðustu árin hefur árlega verið veitt fé á fjárlögum til atvinnuaukningar, og hefur það fé síðan orðið að miklu gagni.

Hins vegar hefur þessari aðstoð til atvinnutryggingar ekki verið komið í fast form, heldur aðeins verið ákveðin frá ári til árs með fjárveitingum í fjárlögum. Hefur því ekki komið sú festa og skipulag á þessa starfsemi, sem verða mundi, ef hún væri varanleg og mörkuð með löggjöf.

Árið 1952 báru tveir af flutningsmönnum þessa frv., ásamt fleiri þm. Sjálfstæðisflokksins, fram frv. um stofnun atvinnubótasjóðs ríkisins, er hafa skyldi svipað hlutverk og atvinnujöfnunarsjóði er nú ætlað. Það frv. náði ekki fram að ganga, en þeirri stefnu þó fylgt, sem mörkuð var í því frv.

Kjarni þessa frumvarps er að koma í fast form þeim ráðstöfunum, sem af hálfu ríkisvaldsins þykir rétt og nauðsynlegt að gera til tryggingar atvinnu í þeim byggðarlögum, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, en hafa þó góð framleiðsluskilyrði. Gert er ráð fyrir að stofna sérstakan sjóð, atvinnujöfnunarsjóð, og leggi ríkissjóður til sjóðsins ákveðið árlegt framlag, sem eigi sé minna en 5 milljónir króna. Þörfin fyrir aðstoð getur verið mjög misjöfn frá ári til árs, og verður því að gera ráð fyrir, að þörf geti verið á mun hærra framlagi sum árin. Raunverulega þyrfti sjóðurinn nú þegar á miklum mun meira fjármagni að halda, en flutningsmenn hafa viljað vera raunsæir í tillögum sínum og ekki gera kröfur um fjárframlög, sem væru það mikil, að ekki yrði talið gerlegt að afgreiða málið þess vegna. Vegna hinnar góðu afkomu ríkissjóðs nú kemur þó til athugunar, hvort ekki mætti leggja til þess sjóðs sérstaka upphæð á þessu ári, en þar sem ekki er vitað um endanlega afkomu ríkissjóðs á árinu 1954, telja flutningsmenn ekki á þessu stigi málsins rétt að gera tillögur um það efni. Hins vegar er lagt til, að á árunum 1955 og 1956 leggi ríkissjóður atvinnujöfnunarsjóði til 10 millj. kr. vaxtalaust lán, sem endurgreiðist síðan á 10 árum. Þá er loks gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái sem stofnfé skuldabréf fyrir lánum þeim, sem þegar hafa verið veitt af atvinnuaukningarfé. Munu þau lán sennilega nema 18 millj. kr. eða meira, að meðtöldu því fé, sem lánað hefur verið á árinu 1954.

Atvinnujöfnunarsjóði er ekki ætlað að koma í stað þeirra lánsstofnana, sem þegar eru starfandi, heldur séu lánveitingar atvinnujöfnunarsjóðs viðbótarlán eða lán til framkvæmda, sem aðrar lánsstofnanir veita ekki lán til, en nauðsynlegar eru taldar til tryggingar atvinnu. Starfsgrundvöllur atvinnujöfnunarsjóðs er einnig

mjög ólíkur venjulegri bankastarfsemi, því að lánin skulu fyrst og fremst veitt þeim, sem erfiðasta aðstöðu eiga og því oft og tíðum eiga erfitt með að setja fullgildar tryggingar fyrir láni. Skulu lánveitingar við það miðaðar, að þeir staðir sitji fyrir, sem við mesta örðugleika eiga að stríða, og ekki þykir verða hjá því komizt að veita stjórn sjóðsins rúmar hendur um lánskjör, að öðru leyti en því, að rétt þykir að ákveða fastan vaxtafót fyrir lánnum. Einnig þykir rétt að veita stjórn sjóðsins heimild til að lengja eða stytta lánstímann eftir því, hvernig afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarfélags er.

Stjórn atvinnuöfnunarsjóðs er ekki aðeins ætlað það hlutverk að meta lánsþörf hvers sveitarfélags eða fyrirtækis, sem leitar aðstoðar sjóðsins, heldur á stjórn sjóðsins að reyna að mynda sér heildaryfirsýn um það, hvar skórinn kreppir mest að og jafnframt hvernig hagkvæmast verði úr vandanum leyst, svo að hið takmarkaða fé komi að sem mestum notum. Af þessum sökum er nauðsynlegt, að árlegar lánveitingar úr sjóðnum geti að mestu leyti farið fram samtímis.

Þótt vonir standi til, að bætt verði úr hinni brýnu fjárþörf til stofnlána í sjávarútvegi, þá er þó hætt við, að lángeta til framkvæmda á þessu sviði og jafnframt gjaldeyrisaðstaða til fjárfestingar verði takmörkunum háð. Því er ríkisstjórninni í frumvarpinu veitt heimild til þess að mæla svo fyrir, að tilteknar framkvæmdir skuli hafa forgangsrétt, ef stjórn atvinnuöfnunarsjóðs telur mikla nauðsyn á þeim til tryggingar atvinnu. Er hér haft í huga bæði bygging óhjákvæmilegra fiskiðjuvera til nýtingar afla þeirra skipa, sem til eru á viðkomandi stað, bátakaup til þeirra staða, sem mannafla hafa á bátana og aðstöðu til að nýta aflann, og ýmsar aðrar framkvæmdir koma einnig til greina.

Reynslan hefur sýnt, að togaraútgerð er sá þáttur útgerðar, sem veitir varanlegasta atvinnu, og er útgerð togara nú orðin styrkasta stoðin undir atvinnulífi ýmissa bæjarfélaga. Mikill rekstrarhalli er að visu nú á togaraútgerðinni, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að togararnir eru ein styrkasta stoðin undir efna-hagslífi þjóðarinnar.

Ýmis byggðarlög, sem ekki hafa þegar eignast togara, hafa óskað eftir fyrirgreiðslu ríkisvaldsins til þess, og atvinnuástandi í sumum kaптúnunum og kaupstöðum er þannig háttáð, að ekki virðist önnur leið líklegri til þess að tryggja þar viðunandi afkomu en einmitt útgerð togara. Með ákvæðum þessa frumvarps er ekki ætlunin að marka stefnu um aukningu og viðhald togaraflota landsmanna almennt, heldur er ákvæðum frumvarpsins um aðstoð til togarakaupa ætlað að vera innan þess ramma, sem tilgangur frumvarpsins setur. Af þeim sökum er ekki talað um ákveðinn fjölda togara, heldur gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin annaðhvort hlutist sjálf til um smíði togara eða ábyrgist tiltekinn hluta af andvirði togara, sem keyptir yrðu til staða, sem taldir yrðu hafa brýna þörf yfir slík framleiðslutæki til þess að tryggja íbúum sínum atvinnu og lífvænlega afkomu. Er því gert ráð fyrir, að það verði eftir mati ríkisstjórnarinnar og stjórnar atvinnuöfnunarsjóðs hvort nauðsynlegt sé að nota þær heimildir, sem felast í 6. gr. frumvarpsins.

Um einstök atriði málsins mun verða nánar rætt í framsögu.